

Myndinni er lokið og hún er eign heimsins-Erró.

LISTAHÁTÍÐ 1978

Viðtal við Erró — fyrri hluti:

„MEÐ BLÝANT MILLI TÁNNA"

Það þarf víst ekki að segja það nokkrum manni að ein höfuðlistsýning Listahátíðar 1978 er yfirlitssýning á verkum listmálarans Erró en þetta er fyrsta sýning hans hér heima í 14 ár. Spannar sýningin árin 1959—1977 og hefur listamaðurinn sjálfur unnið að uppsetningu hennar. Flestum er einnig kunnur uppruni Errós eða Guðmundar Guðmundssonar. Hann er fæddur árið 1932 í Ólafsvík, launsonur hins kunna myndlistarmanns Guðmundar Einarssonar frá Miðdal, en ólst upp að Kirkjubæjarklaustri, þangað sem hann fer ætíð þegar færi gefst. Mér fannst rétt að byrja á því að spyrja sem svo: „Telur þú að listhneigð sé ættgeng?"

Erró: „Hún getur verið það. Þetta er kannski ekki spurning um litninga, heldur umhverfi. Ef maður elst upp meðal listafólks þá eru alla vega meiri líkur á að maður fari út á þá braut. Eins og þú veist ólst ég ekki upp hjá föður mínum heldur að Klaustri. Þar var að finna eina listaverkabók sem einhver hafði sent að launum fyrir gistingu. Þetta var amerísk bók, frá Metropolitansafninu, að ég held. Yfir þessari bók lá ég lon og don. Mig minnir að ég hafi einnig verið góður að teikna í barnaskóla, hringi og þvílíkt (hlær). Nú, svo kom Kjarval þarna og málaði býsn þarna í kring. Hann gaf mér búta af lérefti og tómar túpur en þá var ég líklega 12 ára, alveg á réttum og hrifnæmum aldri. Þegar ég fór svo að fikta við að mála, þá var það à la Kjarval, — „Systrastapi" og svo framvegis. Nú, svo hafði ég heyrt að faðir minn væri listamaður og það var dálítið rómantískt."

A.I.: „Þekktirðu föður þinn vel?"

Erró: „Ég held ég hafi hitt hann 4—5 sinnum alls. Ég var 19 ára þegar við hittumst fyrst og þá hafði ég nýlokið prófi úr Myndlista- og handíðaskólanum og kunni að meta hann. Hann var mér ávallt góður þessi fáu skipti sem við hittumst, fór með mig upp á vinnustofu sína. Ég hafði að vissu leyti gott af því — ég sá að hægt var að lifa af því að vera listamaður, það var ekki fikt og draumórar heldur virðingarverð atvinnugrein."

A.I.: „Heldur þú, eftir á að hyggja, að eitthvað sé líkt með ykkur feðgum?"

Erró: „Ég veit það varla. Jú, kannski. Í ferðamennskunni og þessum óróa í blóðinu."

A.I.: „Síðan hófst þú nám við Myndlista- og handíðaskólann. Var það ekki stórt stökk, fyrir sveitapilt að austan?"

Erró: „Nei, sveitalífið bjó mig reglulega vel undir lífsbaráttuna. Þar lærði ég að vinna af krafti og þá vinnusemi hef ég ekki losnað við síðan. Þar var gott umhverfi fyrir dreng með ímyndunarafl, maður spekúleraði mikið. Svo gat maður stundað veiðar, — gramsað gömlum vélum og bílum."

A.I.: „Kannski áhugi þinn á vélmenningu sé þaðan kominn?"

Erró: (hlær) „Það má vel vera. Þaðan koma fiskimyndirnar líka."

Svaf í skólanum

A.I.: „Hvað er þér minnisstæðast frá árunum við Myndlistarskólann?"

Erró: „Þá var Lúðvík skólastjóri, ágætis karl. Nú, það verður að segja eins og er, að ég flaug inn í skólann á nafni föður míns, án þess að þurfa að taka inntökupróf. Sá kennari sem mótaði mig einna mest var án efa Valgerður Briem. Hún lét okkur fara út um allar trissur að skoða — staði sem ég hafði aldrei séð — og prófa okkur áfram í mismunandi efni, jafnvel krosssaum. Þessar myndir mínar frá þessum árum eru ennþá til. Nú, Sigurður Sigurðsson kenndi þarna líka, ágætur málari af danska skólanum. Svo kom Björn Th. Björnsson inn í skólann á réttum tíma, með nýjar hugmyndir sem örvuðu okkur. Hann vikkaði einnig þekkingu okkar. Við þekktum svona helstu nöfnin í nútímalist en Björn sýndi okkur t.d. Bosch og aðra eldri málara."

A.I.: „Í þessum verkum þínum frá skólaárunum ber mjög á tvenns konar tilhneigingum — margföldun á svipuðum formum — og svo rækilegri umfjöllun um mannslíkamann. Kynntist þú ekkert afstrakt listinni þar?"

Erró: „Það kom eiginlega ekki til sögunnar fyrr en stuttu seinna og ég hafði því ekkert af því að segja þá. Síðan fór ég til Osló þar sem ég lenti í stífu figúratífu námi sem ég bjó að síðar og því lenti ég ekkert í afstrakt pressunni. Ég veit ekki hvað hefði skeð, hefði ég verið um kyrrt heima."

A.I.: „Margir af skólabræðrum þínum eru nú þekktir málarar."

Erró: „Já. Hringur var t.d. þar. Hann var alltaf langbesti teiknarinn. Sverrir Haraldsson var aðeins á undan og kenndi dálítið og hann höfðaði til mín vegna vandvirkninnar. Svo var Bragi einnig þarna. Við Bragi fórum svo saman til Noregs. „Það var ágæt stemmning við skólann, man ég. Ég var þá ekki alveg viss um hvað ég ætlaði mér og tók því kennarapróf til vonar og vara, ef allt annað brygðist."

A.I.: „Það fer miklum sögum af vinnuhörku þinni við skólann."

Erró: (hlær) „Jú. Björn Th. hefur líklega ýkt þetta dálítið. Ég man nú ekki hvort ég svaf í skólanum og sofnaði á kvöldin með blýant milli tánna. Ég man það þó að ég leit á námið sem lúxus — þetta var mér ekki erfiðisvinna eftir vinnuna í sveitinni. Svo var ég í brúarvinnu á sumrin. Ég naut þess einfaldlega að teikna og mála."

A.I.: „Strax eftir skólann ertu kominn á flakk, fyrst í nám til Noregs, svo til Flórens, Ísraels og loks til Parísar. Var þetta framagirnd?"

Erró: „Ég sá fram á það að ef ég ílentist hér, þá yrði ég að stunda kennslu og kæmi litlu öðru í verk. Móðir mín ýtti einnig á eftir mér, hvatti mig til utanfarar. En það sem gerði t.d. Noregsferðina mögulega var að ég vann dágóða upphæð í ríkishappdrættinu. Frá Noregi ferðaðist ég síðan í frium — og var á höttum eftir öðrum vinnustað og uppgötvaði Ítalíu. Fyrsta sumarið eftir Noregsnámið vann ég á Keflavíkurflugvelli, þar sem ég fékk bullandi lús. Ég man eftir því að ég var



Vélin.

Nýir útsölustaðir Dagblaðsins í sumar:

Hótel Bifröst, Borgarfirði.
Söluskálinn Brú, Hrútafirði.
Söluskálinn Geysi, Haukadal.

DAGBLAÐIÐ
frjálst, óháð dagblað

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

Tilboð

óskast í eftirtaldar bifreiðar er verða til sýnis þriðjudaginn 6. júní 1978, kl. 13—16 í porti bak við skrifstofu vora að Borgartúni 7:

	árg.	
Ford Cortina fólksbifreið	árg.	1974
Volkswagen 1200 fólksbifreið	—	1973
Chevrolet Blazer	—	1971
Ford Bronco	—	1973
Volkswagen Microbus fólksbifreið	—	1975
Volkswagen pallbifreið	—	1974
Ford Transit Bus fólksbifreið	—	1971
UAZ 452 torfærubifreið	—	1971
Land Rover lengri gerð, bensín	—	1970
Land Rover bensín	—	1970
Willys jeppi	—	1966
Dodge W 200 pick up	—	1971
Skoda 110 L fólksbifreið	—	1971
Opel Rekord fólksbifreið	—	1971
Tempo mótorhjól	—	1972

Tilboðin verða opnuð sama dag kl. 16.30 að viðstöddum bjóðendum. Réttur áskilinn að hafna tilboðum sem ekki teljast viðunandi.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS
BORGARTÚNI 7 SÍMI 26844 PÓSTHÓLF 1441 TELEX 2006